

Mál nr. 1

Kæra Knattspyrnudeildar Hauka gegn Knattspyrnudeild Grindavíkur

Kæra Hauka

Leikmaður spilaði með tveimur félögum í Íslandsmóti innanhúss. Knattspyrnudeild Hauka fer fram á að viðkomandi leikur verði dæmdur 3-0 Haukum í hag.

Nánari lýsing

Heiða Sólveig Haraldsdóttir, skráður leikmaður í Grindavík (UMFG) spilaði með meistaraflokki RKV (1. deild A riðill) þann 20. janúar 2001. Viku síðar eða 27. janúar lék sami leikmaður með liði Grindavíkur (2. deild A riðill) í meistaraflokki kvenna. Báðir leikirnir voru á Íslandsmótinu innanhúss.

Í samtali milli Andrésar Ellertsonar (þjálfara Grindavíkur) og Brynju Guðjónsdóttur (þjálfara Hauka), þann 27. janúar, kom fram að umræddur leikmaður hafði spilað helgina áður með liði RKV.

Knattspyrnudeild Hauka telur að brotið hafi verið á eftirfarandi reglugerðum KSÍ:

- Samkvæmt reglugerðum KSÍ um félagaskipti leikmanna kemur fram í grein 4 að: *Leikmanni er heimilt að leika með aðeins einu félagi í Íslandsmóti innanhúss.*
- Samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 4. hluti; mótmæli, kærur, viðurlög og sektir, kemur fram í grein 4.4 í fyrsta lið: *Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks.....*

Telur knattspyrnudeild Hauka Heiðu hafa brotið áður nefndar reglugerðir KSÍ og vísar málinu til dómstóla KSÍ til meðferðar með tilliti til kæruefnis.

Með Haukakveðju,

Jón Vigfússon

Formaður knattspyrnudeildar Hauka

Greinargerð Grindavíkur

Því er haldið fram að lið Grindavíkur hafi mætt ólöglega til leiks þar sem við spiluðum með Heiðu Sólveigu Haraldsdóttur, en eins og málið horfir við okkur teljum við okkur ekki hafa gert neitt rangt því allir þeir leikmenn sem spiluðu fyrir Grindavík á þessu móti voru skráðir í Grindavík þegar þessi keppni fór fram.

Einhverjum dögum fyrir mót (ca. 14 dögum) var óskað eftir því við mig að ég skrifaði undir félagaskipti Heiðu Sólveigar yfir í RKV sem ég og geri, en stuttu seinna er haft samband við RKV og þeir beðnir um að skila ekki inn félagaskiptunum því það sé ætlun okkar að nota Heiðu Sólveigu í ofangreindu móti.

Eins og allir þeir sem koma eða starfa að einhverju leyti við knattspyrnu vita það að umsýsla félags á stærð við Grindavík er mikil og því teljum við okkur eiga nóg með að fylgjast með hverjir séu löglegir með Grindavík hverju sinni svo því verði ekki bætt við að við þurfum að fylgjast með hverjir spila fyrir önnur félög í greininni.

Teljum við í Grindavík að efni þessarar kæru sé ekki á réttum stað og óskum þess að málið verði látið niður falla á hendur Grindavíkur.

Virðingarfyllt,

Ingvar Guðjónsson

Framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar

Úrskurður Héraðsdómstóls KRR

Ár 2001, mánudagurinn 19. febrúar kom Héraðsdómstóll KRR saman á skrifstofu KSÍ og tók fyrir málið nr. 1/2001, Knattspyrnudeild Hauka gegn Knattspyrnudeild UMFG.

Eftirfarandi skjöl lágu frammi í málinu:

Nr. 1 Kæra dags. 2/2 2001.

Nr. 2 Leikskýrsla UMFG

Nr. 3 Leikskýrsla RKV

Nr. 4 Greinargerð kærða (ó dags.)

Málsatvik

Leikmaðurinn Heiða Sólveig Haraldsdóttir kt: 181275-3599 lék með meistaraflokki RKV í 1. deild A-riðils þann 20. janúar 2001, þrátt fyrir að vera skráður leikmaður UMFG (Grindavík). Viku síðar þann 27. janúar lék sami leikmaður með UMFG í A-riðli 2.deildar meistaraflokks. Lék hún þá m.a. gegn liði kæranda, Haukum. UMFG vann þann leik 3-2.

Kröfur og málsástæður

Kærandi krefst þess að framangreindur leikur verði dæmdur 3-0, liði Hauka í vil og vísar til greinar 4.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Kærandi telur að hið kærða félag hafið brotið ákvæði 4. greinar í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna þar sem fram kemur að leikmanni sé aðeins heimilt að leika með einu félagi í Íslandsmóti innanhúss.

Hið kærða félag, UMFG, mótmælir kröfum kæranda og telur að leikmaðurinn Heiða Sólveig Haraldsdóttir sé lögleg með UMFG þar sem fallið hafi verið frá samþykki við félagaskiptum til RKV einhverjum dögum fyrir mót (ca. 14 dögum) eins og það er orðað í greinargerð hins kærða félags.

Sama dag og að framan greinir komu dómarar saman ásamt fulltrúum aðila málsins þeim Brynju Guðjónsdóttur Haukum og Ingvari Guðjónssyni UMFG og var málið þingfest. Lagt var fram skjal nr. 5, félagaskipti Heiðu Sólveigar Haraldsdóttur. Að lokinni þingfestingu og gagnasöfnun voru aðilar ásáttir að leggja málið í dóm.

Dómur

Eins og fram kemur í gögnum málsins frá KSÍ um félagaskipti leikmannsins Heiðu Sólveigar Haraldsdóttur voru síðustu skráðu félagaskipti hennar hjá KSÍ þann 10.06.2000 þegar hún skipti úr ÍA í UMFG (Grindavík).

Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna hið kærða félag af kröfum kæranda.

Dómsorð

UMFG er sýknað af öllum kröfum Hauka í málinu. Úrslit í leik málsaðila þann 27.01 standa óhögguð.

Lúðvík Andrésson

Gunnar Gunnarsson

Helgi Þorvaldsson

Dómsorð var lesið í réttinum að viðstöddum málsaðilum.

Ingvar Guðjónsson

Brynja Guðjónsdóttir